# LANDSYFIRRJETTARDÓMAR

OG

# HÆSTARJETTARDÓMAR

Í ÍSLENZKUM MÁLUM

1802—1873

---

I.

1802—1814

*SÖGUFJELAG GAF ÚT*

REYKJAVÍK
PRENTSMIÐJAN GUTENBERG — 1916—1918

frekari upplýsingu, eða lagatiltal verðskuldi eður ei. Aktori fyrir yfircriminalrjettinum bera 60, en defensori 48 rdl. D. Ct. i laun, hverjir 108 rdl. D. Ct. betalist þeim af justitskassanum, mót endurgjaldi af sýslumanni Jóni Espólín, sem standi allan af þessu máli i síðara sinni leiddan kostnað til beggja rjetta.

Þessum yfircriminalrjettardómi ber tafarlaust fullnustu að veita.

M. Stephensen.

Actum ut supra.

M. Stephensen. Ísl. Einarsson. B. Thorarensen.

S. Petersen. B. Stephensen.

Th. Thorgrimsen
p. t. authoriseret.

---



# Hæstarjettardómar.

---

Laugardaginn 4. júní 1803.

Nr. 268. Prokurator Hans Haagen
eptir konunglegri skipun
gegn
sakamanni Jóni Snorrasyni.

Jón Snorrason á að erviða i hinu íslenzka tugthúsi 3 ár. Að því er ídæmdar hórdómsektir og málskostnað snertir, á landsyfirrjettardómurinn að vera óraskaður, þó þannig, að hjeraðsdómarinn og sækjandi i hjeraði greiði allan þann kostnað, er leitt hefur af varðhaldi og uppheldi Jóns Snorrasonar á tímabilinu frá 29. júní 1802 til 11. ágúst s. á. (Sjá hjer að framan bls. 23—33).

Miðvikudaginn 2. nóvbr. 1803.

Nr. 332. Prokurator Henrich Dreyer
eptir konunglegri skipun
gegn
sakapersónunum Bjarna Bjarnasyni og Steinunni Sveinsdóttur.

Bjarna Bjarnason skal klípa með glóandi töngum, fyrst á þeim stað, er morðið á konu hans Guðrúnu Egilsdóttur var framið, síðan þrisvar

sinnum milli morðsstaðarins og aftökustaðarins, og allra síðast á aftökustaðnum. Þvínæst á að höggva með öxi af honum lifandi hans hægri hönd, og síðan höfuðið. Að því búnu skulu aðstoðarmenn böðulsins leggja líkamann á steglur, og festa höfuð og hönd á stjaka þar uppi yfir.

Steinunn Sveinsdóttir á að missa sitt höfuð, og það síðan uppsetjast á stjaka. Þau hafi og fyrirgjört höfuðlóði sínu og landi, ef nokkuð eiga, til konungs. Svo eiga þau hvort um sig að borga allan af málinu löglega leiðandi kostnað.

Loks á dómur landsyfirrjettarins hvorki að vera neinum þeirra, sem í málinu vorn dæmdir, til hneysu eða peningaútláta að nokkru leyti.

(Sjá hjer að framan bls. 59—66).

Mánudaginn 1. október 1804.

Nr. 342. Prokurator Hans Haagen
eptir konunglegri skipun
gegn
sakarpersónunum Guðmundi Þórðarsyni, Gróu Jónsdóttur og Margrjeti Jónsdóttur.

Guðmundur Þórðarson, Gróa Jónsdóttir og Margrjet Jónsdóttir eiga að erviða í tugthúsinu á Íslandi, hinn fyrst nefndi tvö ár, en þær 3 mánuði hvor. Svo eiga þau og, hvert um sig, að borga allan af málinu löglega leiðandi kostnað.



Að því er snertir sekt þá, er sýslumanni var dæmd, á landsyfirrjettardómurinn að vera óraskaður.

(Sjá hjer að framan bls. 55—59).

Fimtudaginn 1. nóvbr. 1804.

Nr. 354. Prokurator Jens Laasby Rottböll
eptir konunglegri skipun
gegn
sakapersónunum Ísleifi Sigurðssyni og stjúpdóttur hans Ingibjörgu Jónsdóttur.

Gengnir dómar í máli þessu eiga að vera ómerkir. Aptur á móti er máli þessu, á kostnað dómenda þeirra í landsyfirrjettinum, sem hafa verið sammála um dómsniðurlagið, sýslumanns og sækjanda í hjeraði og fyrir landsyfirrjettinum, vísað aptur heim til nýrrar fyrirtektar og dómsáleggingar, eptir að nákvæmari skýrsla er fengin um skyldleika eða mágsemd hinna sekuðu, og eptir að Ingibjörg Jónsdóttir hefur verið yfirheyrð á löglegan hátt.

(Sjá hjer að framan bls. 84—87).

Laugardaginn 3. nóvbr. 1804.

Nr. 360. Prokurator Christian Klingberg
eptir konunglegri skipun